

STÆRSTA KVÍKMYNDAHÚS LANDSINS • HAGATORGI • S. 530 1919 • www.haskolabio.is

FYRSTA STÖRMYND SUMARSINS ER KOMIN

★★★★★
VJW, Topp5.is

AF MÖRGUM TALIN VERA
BESTA MISSION IMPOSSIBLE MYNDIN TIL ÞESSA.
FRÁ J.J.ABRAMS, HÖFUNDI LOST OG ALIAS

TOM CRUISE

M:I:III

ADGERÐIN ER HAFIN

SCARY MOVIE 4

FIREWALL

MI:3	kl. 6 - 8 og 10	B.I. 14 ÁRA
SCARY MOVIE 4	kl. 8 og 10	B.I. 10 ÁRA
FIREWALL	kl. 5:45 - 8 og 10.10	B.I. 16 ÁRA
V FOR VENDETTA	kl. 8.30	B.I. 16 ÁRA

Háskólabíó

Fjórði og síðasti
kafllinn af þrileiknum

A SPIKE LEE FILM
INSIDE MAN

DENZEL WASHINGTON
CLIVE OWEN
KODIE FOSTER

★★★★★
LIB, Topp5.is

SÝND Í SAMBÍÓNUM KRINGLUNNI

„...einn útsmognasti, frumlegasti og vitrænasti spennuyrillir ársins”
★★★★- SV, MBL

Það fyndnasta sem þú hefur nokkurn tímann sagað!
MYND SEM FÆR ÞIG TIL AÐ TRYLLAST AF HLÁTRI

PETTA VIRTIST VERA FULLKOMIÐ BANKARÁN
PAR TIL ANNAD KOM Í LJÓS

SAMBÍÓ AKUREYRI		SAMBÍÓ KEFLAVÍK	
MI : 3	kl. 5:40 - 8 - 10:20	B.I. 14 ÁRA	MI : 3
SCARY MOVIE 4	kl. 6 - 8 - 10	B.I. 10 ÁRA	kl. 8 - 10:20
			B.I. 14 ÁRA
			SCARY MOVIE 4
			kl. 8 - 10
			B.I. 10 ÁRA

www.sambioin.is

Útskriftarsýning LHÍ opnuð á laugardaginn

Fjölbreytt og spennandi sjónlistaveisla

SÝNING útskriftarnema úr myndlistardeild og hönnunar- og arkitektúrdeild Listaháskóla Íslands var opnuð í Hafnarhúsi Listasafns Reykjavíkur á laugardaginn. Að þessu sinni eru nemarnir sjötíu og verða fjölbreytt verk þeirra til sýnis í þrjár vikur. Útskriftarsýningin er að

margra mati ein sú skemmtilegasta hérlandis á hverju ári og hlakka eflaust margir til að skoða hvað listamenn framtíðarinnar hafa fram að færa. Vert er að benda á að gestir geta notið leiðsagnar nemendanna um sýninguna alla sunnudaga kl. 15 á meðan hún stendur yfir.



Gestir á öllum aldri geta notið þess sem fyrir augu ber á sýningunni og Kjartan Örn og Karen Ósk skemmtu sér vel saman.



Morgunblaðið/Ómar

Það var svo sannarlega allt í stíl hjá myndlistarmanninum Gunnari Helga Guðjónssyni.



Ylfa Jónsdóttir og Iðunn Andrésar voru lífflegar að sjá og glöddu gesti með litagleði sinni.




Garðar Snæbjörnsson arkitekt útskýrir verk sitt fyrir einum sýningargesta, Sigursteini Sigurðssyni.



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra virti fyrir sér verk útskriftarnemanna.



Hér má sjá Guðjón Tryggvason við verk sitt, sem er meðal margra stórskemmtilegra verka á sýningunni.



Morgunblaðið/Kristinn

Leikfélag Rangæinga lék verk Sævars Sigurgeirssonar, Bara innihaldið, við barinn í anddyri Borgarleikhússins og hér má sjá þau Eymund Gunnarsson og Önnu Ólafsdóttur lifa sig vel inn í hlutverk sín.



Morgunblaðið/Kristinn

Gestir stuttverkahátíðarinnar skemmtu sér auðsýnilega vel.

Vel sótt stuttverkahátíð Margt smátt í Borgarleikhúsinu

STUTTVERKAHÁTÍÐ Bandalags íslenskra leikfélaga, Margt smátt, var haldin í Borgarleikhúsinu á föstudaginn og léku átta aðildarfélag Bandalagsins þrettán stuttverk fyrir fullu húsi. Flest verkanna voru samin af leikskáldum innan raða félaganna. Þetta er í þriðja sinn

sem Margt smátt er haldin í samvinnu við Borgarleikhúsið og sýnin hátíðin þá grósku sem er í íslensku áhugaleikhúshreyfingunni í ritun styttri leikverka. Mörg félög innan hennar hafa einmitt lagt sérstaka rækt við þetta áhugaverða leikhúsform.